

## **Fundargerð aðalfundar Félags skógarbænda á Vestfjörðum haldinn á Króksfjarðarnesi, laugardaginn 29. júní 2024 klukkan 12.30.**

Fundurinn hófst á sameiginlegum hádegisverði í boði félagsins en að honum loknum bauð Naomi Bos, formaður félagsins, fundarmenn velkomna og setti því næst fundinn.

Naomi var falin fundarstjórn en Marta Guðrún ritaði fundargerð.

Alls voru 13 félagsmenn og gestir mættir til fundarins.

### **Dagskrá fundarins er sem hér segir:**

1. Skýrsla stjórnar
  2. Reikningar lagðir fram
  3. Umræður um skýrsla stjórnar og reikninga, borið upp til samþykktar
  4. Árgjald félagsins
  5. Kosningar
  6. Önnur mál
- . a. Málþing og árshátíð skógarbænda haustið 2024

### **1. Skýrsla stjórnar**

Formaður las upp skýrslu stjórnar.

Skýrslan var á þessa leið:

#### Skýrsla stjórnar 2024

### **Skýrsla stjórnar 2024 – aðalfundur FsVfj. haldinn laugardaginn 29. júní á Króksfjarðarnesi**

Ágætu skógarbændur og gestir, velkomin á þennan aðalfund Félags skógarbænda á Vestfjörðum.

Síðasti aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn í Heydal í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp föstudaginn 30. júní 2023. Á þeim fundi þurfti að kjósa ritara og gjaldkera, auk varamanna og skoðunarmanna reikninga. Steinþór Bjarni Kristjánsson, gjaldkeri, gaf ekki lengur kost á sér en Marta Guðrún var til í áframhaldandi stjórnarsetu. Arnlín Óladóttir bauð sig fram til stjórnarsetu og var kosin í stjórn. Stjórnin var því þannig skipuð: Arnlín Óladóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Naomi Bos. Það var líka breyting í varastjórn félagsins, og var ný varastjórn skipuð Hallfríður F. Sigurðardóttir, Oddný Elínborg Bergsdóttir og Sæmundur Þorvaldsson. Samkvæmt lögum félagsins skiptir stjórn með sér verkum: verkaskipting stjórnar var ákveðin þannig að Marta Guðrún Jóhannesdóttir varð áfram ritari, Arnlín Óladóttir varð gjaldkeri, og Naomi Bos varð áfram formaður.

Hvað höfum við gert í ár? Það helsta sem við höfum verið að gera er að undirbúa málþing og árshátíð skógarbænda, sem verður 12. Október á Laugum í Sælingsdal. Við erum búin að funda nokkrum sinnum, erum búin að taka hótelið frá og erum meðal annars komin með drög að dagskrá. En við ræðum þetta betur undir önnur mál.

Dagskrá fundarins í dag verður nokkuð hefðbundin. Í ár eru engar tillögur og bara tvö önnur mál sem þarf að tala um. Það er hefð fyrir skógargöngu í lok fundarins, en í dag ætlum við að fara í göngutúr á Skógum í Þorskafirði. Ég hlakka mikið til.

Að loknu langar mig að bæta við að ég ætla ekki lengur gefa kost á mér í stjórn félagsins. Ég er nú ráðin til starfa sem skógræktarráðgjafi hér á Vesturlandi og á Vestfjörðum, og langar mig helst ekki að vera beggja megin við borðið. Auk þess hef ég verið í stjórn félagsins í nokkuð langan tíma, og er það tímabært að einhver annar taki við. Ég vil nota tækifærið til að þakka ykkur öll fyrir samstarfið og samveruna síðustu árin. En þó ég sé ekki lengur í stjórn, mun ég auðvitað halda áfram að mæta á fundum félagsins og vera virkur félagsmaður.

Ég skal hafa það stutt, og langar bara að bæta við: höfum það bara gott í dag og skemmtum okkur!

Takk fyrir.

Felli, 28.06.2024

Naomi Bos, formaður Félags skógarbænda á Vestfjörðum

## **2. Reikningar lagðir fram**

Arnlín Óladóttir gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins frá síðasta aðalfundi og til þessa.

*Ársreikningur félagsins*

# Félag skógarbænda á Vestfjörðum

Ársreikningur 30.6.2023 - 29.6.2024

## Rekstur

<b>Tekjur</b>	46 jarðir og 68 félagsmenn
Félagsgjöld	100.256
Vextir	12.749
Alls	<b><u>113.005</u></b>
<b>Kostnaður</b>	
Veitingar á aðalfundi	16.500
Innheimtukostnaður	21.295
Fjármagnstekjuskattur	2.200
Alls	<b><u>39.995</u></b>
<b>Niðurstaða</b>	
Hagnaður	<b><u>73.010</u></b>

## Efnahagur

Inneign í banka 30.6.2023	939.806
Hagnaður ársins	73.010
	<b><u>1.012.816</u></b>
Skuldir	0

### 3. Umræður um skýrsla stjórnar og reikninga, borið upp til samþykktar.

Arnín svaraði spurningum félagsmanna m.a. hvert félagsgjaldið væri o.s.frv. Hún hefur sent öllum nýjum skógræktarbændum bréf og kynnt félagið með það að markmiði að fjölga félögum.

Hvort tveggja skýrsla stjórnar og reikningar borin upp og samþykkt af fundarmönnum án athugasemda.

### 4. Árgjald félagsins

Naomi leggur til að árgjald haldist óbreytt, 1500 kr. á jörð og 500 kr. á einstakling. Borið upp og samþykkt einróma.

## 5. Kosningar

Naomi gerði grein fyrir því að þar sem hún hefur nýverið tekið við starfi skógræktarráðgjafa hjá Landi og skógum muni hún ekki bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Fundarmenn þökkðu Naomi fyrir vel unnin störf í þágu félagsins með lófaklappi.

Marta Guðrún gefur heldur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Arnlín sem kosin var í stjórn á síðasta aðalfundi lýsir sig reiðubúna til þess að sinna áfram hlutverki gjaldkera félagsins. Arnlín leggur til að varastjórn haldist óbreytt frá síðasta fundi en í henni sitja þau Hallfríður F. Sigurðardóttir, Oddný Elínborg Bergsdóttir og Sæmundur Kr. Þorvaldsson. Tillaga Arnlínar samþykkt samhljóða.

Þau Lilja Magnúsdóttir og Dagbjartur Bjarnason bjóða sig fram til stjórnarsetu og fagna fundarmenn því með lófaklappi.

Skoðunarmenn reikninga verði þeir sömu eða þeir Sighvatur Jón Þórarinsson og Halldór Þorgeirsson en Svanhildur Sigurðardóttur og Julia C. Bos sem varaskoðunarmenn.

Ný stjórn er skipuð þeim Arnlín Óladóttur, Dagbjarti Bjarnasyni og Lilju Magnúsdóttur og munu stjórnarmenn skipta með sér verkum sbr. lög félagsins.

## 5. Önnur mál

Naomi fór yfir og kynnti drög að dagskrá árshátíðar og málþings skógræktarbænda sem fara mun fram þann 12. október nk. að Laugum í Sælingsdal, nánar tiltekið á Dalahóтели. Rætt um tímalengd erinda og lýstu nokkrir fundarmenn yfir áhyggjum af því að of lítill tími væri gefinn til umræðna og spurninga. Möguleiki að taka einhver erindi út til þess að lengja tíma og gefa þátttakendum færi á að spyrja spurninga o.s.frv. Dagbjartur lagði til að formenn og eða stjórnarmenn svæðisfélaganna kæmu saman með það fyrir augum að sameina krafta skógarbænda og taka ákvörðun um sameiginlega framtíðarsýn. Lilja tók undir það að finna þurfi vettvang fyrir sameiginlegan fund stjórna svæðisfélaga skógarbænda og benti jafnframt á að þeir skógarbændur sem ekki eru í SkógBÍ eigi einnig sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Fleira rætt er varðar samstarf og framtíð félaganna. Nýkjörinni stjórn falið að finna tíma og rými til þess að koma saman og ræða málin í október ásamt því að fara yfir drög að dagskrá málþingsins og vinna hana áfram ásamt fráfaramandi formanni.

Líflegar umræður um skógrækt og sauðfjárbúskap, málefni sem fundarmenn eru sammála að þurfi að finna farsæla lausn á.

Að lokum greindi Naomi frá fundi sem haldinn verður þann 3. júlí nk. á Teams á vegum SkógBÍ en Hrefna Jóhannesdóttir sviðsstjóri ræktunar og nytja hjá Landi og skógum verður gestur fundarins. Fundurinn er ætlaður stjórnnum svæðisfélaganna en Naomi mun áframsenda fundarboðið á nýkjörna stjórn félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Fundarmenn héldu í skógargöngu að Skógum í Þorskafirði að fundi loknum eftir að Eygló einn af umsjónarmönnum Skóga sagði frá skógræktinni þar.